

Um námsefnið

Námsefnið *Kæra dagbók 3* er framhald af bókunum *Kæra dagbók* og *Kæra dagbók 2*. Námsefnið er sem fyrr ætlað nemendum sem eru að byrja að læra íslensku. Í þessari bók er miðað við aldurstigið 10–14 ára. Efnið getur þó nýst nemendum á öllum aldri. *Kæra dagbók 3* er eðli málsins samkvæmt þyngri en fyrri bækurnar tvær og gert er ráð fyrir að nemendur hafi tekið framförum í íslensku.

Eins og í fyrri bókum er áhersla lögð á að nemendur öðlist skilning á mæltu og rituðu íslensku máli og getu til að tjá sig á málinu. Þjálfun er fengin með endurtekningum og í nokkuð flóknu samspili þar sem styrking næst meðal annars

- með tengingu orðs við mynd
- í tengslum við samhengi ritaðs og talaðs máls
- með þátttöku í leikrænni tjáningu, leikjum og spilum
- með glósum þar sem leitað er orðaskýringa í orðabókum, þ. á m. á móðurmáli nemandans ef þær eru fyrir hendi.

Efni og uppbygging

Námsefnið skiptist í

- nemendabókina *Kæra dagbók 3*
- hljóðbók á vef Námsgagnastofnunar, www.nams.is
- ítarefni í pdf – formi og ábendingar til kennara sem unnt er að sækja og prenta út af vefsíðunni: www.nams.is/kaera_dagbok3/index.htm

Nemendabókin skiptist í 17 kafla og er hver kafli ein opna að undanskildum fyrsta og síðasta kaflanum. Uppbygging og skipulag er hið sama og í fyrri bókum og sögupersónurnar þær sömu, systkinin Sonja og Símon ásamt fjölskyldu og vinum. Í *Kæra dagbók 3* dvelur fjölskyldan enn þá í höfuðborginni. Nú hefur Sólveig Hekla bæst í hópinn og amma og afi koma í heimsókn. Í frístundum gerir fjölskyldan margt skemmtilegt saman. Farið er í stuttar ferðir, hjálpast að við garðverkin, spilað og leikið sér. Mikið er um að vera í skólanum hjá Sonju og Símoni og fá lesendur að fylgjast með daglegu lífi í gegnum dagbækur þeirra, tölvupóst og smáskilaboð (SMS).

Vinstri blaðsíða í opnu

- Sem fyrr er stóra myndin efst lýsandi fyrir efni kaflans. Við nokkra hluti á myndinni, athafnir og aðstæður eru rituð orð. Gert er ráð fyrir að nánar sé fjallað um efnið í samtali út frá myndinni, fleiri orð kennd og byggðar upp setningar í kringum þau.
- Í myndaröð skýrast nokkur orð og hugtök úr textanum enn betur. Þessi orð ásamt orðum á stóru myndinni eru rifjuð upp í ítarefni.
- Texti með dagbókarskrifum og tölvubréfum er einnig á síðunni og líka lítið glósublað sem nemandinn getur fært yfir á stærra glósublað í ítarefninu.
- Glósublaðið er fyrst og fremst til að minna á mikilvægi þess að nemendur noti orðabækur sem hjálpartæki við íslenskunám sitt ef mögulegt er. Á glósublaðinu eru aðeins fyrstu 5–6 orðin sem nemendur þurfa væntanlega að glósa. Tvípunktur aftan við orð merkir að orðmyndin þar fyrir aftan sé sú mynd orðsins sem finnst í orðabókum. Aftan við samasemmerki er hins vegar útskýring, t.d. samheiti eða önnur skýring.

Hægri blaðsíða í opnu

- Hér eru verkefni og æfingar sem nemandinn vinnur beint í heftið. Fleiri svipuð verkefni með hverjum kafla er að finna í ítarefninu. Afar brýnt er að sækja verkefnin í ítarefninu, prenta út og nota samhliða kennslu bókarinnar til tryggja að nemendur fái nægilega endurtekningu og þjálfun.
- Á vefsíðunni eru áherslur og markmið hvers kafla skilgreind og bent á annað efni og aðferðir sem kennarar geta nýtt sér, svo sem bækur og vefefni.
- Í horninu neðst til hægri er, eins og í *Kæra dagbók 2*, lítil fróðleiksmoli um atriði sem tengjast efni kaflans.

